Einar Gestsson: Ásgrímur Jónsson málari.

Erindi flutt við opnun á Ásgrímssýningu í minningu af aldarafmæli listamannsins í Listasafni Árnessýslu á Selfossi 15. apríl 1976

Þeir sem lesið hafa bók þá, sem Tómas Guðmundsson færði í letur um myndir og minningar Ásgríms Jónssonar, hafa tekið eftir því, að hann telur sig alkominn heim árið 1909. Þá hafði hann dvalið erlendis meiri hlutann af þeim tólf árum sem liðin voru frá því að hann í fyrsta sinn lagði frá landi. Hann var þá orðinn full mótaður listamaður og heimsborgari, fullur af áhuga á að tjá hugmyndir sínar í línum og litum. Hann vildi sýna löndum sínum fegurð himins og jarðar, og var fullur lotningar fyrir dásemdum náttúrunnar og honum þótti hún gædd lífi, þótt flestir sjái hana aðeins sem dauða hluti. Ég man naumast eftir að hafa lesið frásögn, sem er betur sannfærandi um áskapað listamannseðli, en er að finna í frásögninni af bernsku hans.

Ég nefndi það fyrst, að árið 1909 hafi Ásgrímur verið að koma alkominn heim, fullur af starfslöngun og hlakkaði nú mest til að hverfa út í íslenska náttúru og hefjast handa. Sagan segir, að hann hafi haldið strax úr Reykjavík á æskustöðvarnar austur í Flóa. Hann málaði þar víðs vegar, allt vatnslitamyndir, en í miðju sumri hélt hann upp í Hreppa og settist að hjá föður mínum, Gesti á Hæli. Þar málaði hann Heklumyndina stóru, sem ríkið eignaðist síðar. Það lætur að líkum að þar sem þetta hefir verið fyrsta sumarið sem ég lifði, þá man ég ekki sjálfur eftir þessu, en hins vegar er mér Ásgrímur mjög minnisstæður frá bernskudögum mínum, því að hann dvaldi oft á Hæli lengri eða skemmr tíma, því að þeir faðir minn og hann héldu vináttu meðan báðir lifðu. Síðast man ég eftir, að hann var á Hæli um sumartíma árið 1921, þremur árum eftir að faðir minn lést. Eftir það hitti ég ekki Ásgrím, að minnsta kosti ekki heima á Hæli, svo að kynni mín af listamanninum urðu ekki löng, miðað við hans löngu ævi, en þó nógu löng til þess að ég hefi alltaf litið á hann nákomnari mér vegna þeirra en aðra listamenn, nema ef vera skyldi Einar Jónsson frá Galtafelli, sem var einnig vinur foreldra minna og ég hitti hann nokkrum sinnum.

Heklumyndin stóra, Hekla í kvöldsól, sem máluð var frá hæli, mun hafa verið hans stærsta verk til þess tíma. Þessi mynd gerði hann ekki aðeins landsfrægan, heldur hlaut hann mikla viðurkenningu fyrir hana á sýningum erlendis. Um tíma var hún svo í geymslu í Kaupmannahöfn hjá vini hans Einari Jónssyni myndhöggvara, uns íslenska ríkið keypti hana svo að myndin var flutt heim og var nokkuð lengi í Neðri deildarsal Alþingis, en er nú á Listasafni ríkisins.

Langhamrar, staðurinn sem myndin er máluð af, er klettahöfði um tíu mínútna gang frá bænum á Hæli. Upp úr hamraveggnum ber einn hól hæst, af honum er myndin máluð og í lægð norðan við hann hafði Ásgrímur tjaldið, sem hann gat skýlt myndinni í, þegar veður krafði. Þessi hnúkur og laut höfðu engin nöfn áður, en síðan hafa þau oft verið nefnd Ásgrímsbæli, en hóllinn hefur nú í mínum hug fengið nafnið "Ásgrímur". Ég skal fúslega játa, að ég finn til nokkurs stolts af því að þarna skuli vera orðinn sögustaður, sem tengdur er menningarsókn Íslendinga eftir aldamótin síðustu.

Á Stóra-Núpi dvaldi Ásgrímur allmikið árin 1903- 1916 ef ekki lengur. Hann var því vel kunnugur heimilisfólki þar. Fyrsta sumarið á Stóra-Núpi hitti hann mann, sem nefndur var Stóri-Gvendur. Um hann segir Ásgrímur: "Hann var heljarmenni að burðum, tröll að vexti og ákaflega ferlegur. Myndin af nátttröllinu, sem ég málaði seinna hefur að geyma svip og yfirbragð þessa kunningja míns, og hef ég oft haft hann til hliðsjónar, þegar ég hef þurft að gera þjóðsagnamyndir af tröllum".

Sumarið sem Ásgrímur sat á Hæli og fékkst við að mála Heklumyndir stóru, var verið að reisa Stóra-Núpskirkju, þá sem enn stendur. Gestur á Hæli var formaður byggingarnefndar. Hann fékk Ásgrím til að velja liti á kirkjuna, að utan að innan og þótti ekki valið af verri endanum, er þeir lögðust á eitt, listmálarinn og byggingameistarinn, Rögnvaldur Ólafsson. Um 1911 málaði svo Ásgrímur altaristöflu í kirkjuna, og þyki hún vera eitt af betri listaverkum þessa mikla meistara. Þau eru ómæld menningar-og trúaráhrifin af að hafa fyrir augum svo fagra mynd í kirkjunni sinni, þar sem menn eru oft á stærstu stundum lífs síns.

Myndin af af fjallræðunni,en eldri Gnúpverjar telja sig þekkja svip af nokkrum sóknarmönnum frá þessum árum.

Seinna málaði Ásgrímur altaristöflu í Hrepphólakirkju.Hún fékk ekki eins einróma lof og sú fyrri,en nú finnst mér hún því betri sem ég sé hana oftar.

Ekki er vert að ganga framhjá því, þegar Ásgríms Jónssonar er minnst,hver áhrif Þjórsárdalurinn hafði á hann og var honum mikil auðsuppspretta,á þann veg, að hann átti þar margar ánægjustundir. Fjöllin, áin, skógurinn og kyrrðin í Þjórsárdal varð uppistaða í mörgum fögrum listaverkum,sem hann auðgaði þjóðina með.

Hvernig maður var hann eiginlega þessi mikli málari,sem varð einn af fyrstu mönnum hér á landi til að helga málaralistinni alla ævi sína og lifa af henni einni.Á heimili og senm gestur var hann hógvær og hlédrægur,en þó léttur í máli við hvern sem var,svo að gamanyrði lágu honum oft á tungu. Móðir mín sagði mér,að hann hafi oft strítt sér með því að hún hafi eyðilagt fyrir sér eitt sitt besta tækifæri til listsköpunar.Þannig stóð á, að hann var á leið upp að Hæli er veðri og birtu var svo háttað,að aldrei hafði hann séð austurfjöllin í annarri eins litadýrð.Hann hlakkaði til að vinna úr verkefninu,sem fyrir lá. Á Hæli var honum boðið í bæinn og móðir mín fór að baka pönnukökur. Þegar Ásgrímur kom út, eftir þeginn beina, var komið mistur og ekki unnt að mála meira þennan dag. Um þetta sagði hann jafnan, að þarna hefði hann fangið þær dýrustu pönnukökur,sem hann hefði nokkurn tíma neytt.

Að sjálfsögðu hafði þessi víðförli maður á sér annað og menningarlegra snið en almenningur.Það er mér þó ekki sérlega minnisstætt,en ég man vel,að þegar hann kom heim frá starfi sínu, að hann undi öllum stundum við hljóðfærið.,og þó þykist ég muna,að það hafi verið honum mjög eftirlátt,enda þótt hann hafi ekki verið mjög lærður á því sviði. Móðir mín sagði mér,að hann hafi haft á því alveg einstök tök að töfra fram þær tilfinningar sem honum þótti búa í tónverkinu,sem hann lék,

þannig að ef honn lék bæn var það bæn. Af bók hans sem getið hefur verið má sjá, hve hljómlist hefur verið honum hugleikin, og líklega hefir ekki mátt miklu muna, að hann sneri sér að henni fyrst og fremst Ég er sannfærður um, að á því sviði hefði hann náð álíka hæð og í lífsstarfinu.

I þeirri bók, sem Tómas Guðmundsson hefur ritað eftir fyrirsögn listamannsins, og fjallar um myndir og minningar Ásgríms málara, er að finna, ef að er gáð, lýsingu á listamanninum, sem varla verður betur gerð Einn kafli bókarinnar endar á þessum orðum.

"Tæknin ein má aldrei verða manninum takmark. Það sem öllu varðar er að vera betri maður, sagði Beethoven".

Það var takmark Ásgríms málara og fór hann þar eftir heilræði Beethovens, og náði því í starfi sínu og lífi að lyfta þjóð sinni á hærra svið.